

## VIKAN Á MÖRKUÐUM

## ADALMARKAÐUR

## Mesta hækkun

Hagar hf.  
+3,13%  
47,75

## Mesta lækkun

Vís  
-3,94%  
8,53

## S&amp;P 500

+0,65%  
1934,59

## NASDAQ

+0,44%  
4664,209


## FTSE 100

+0,63%  
5949,54


## NIKKEI 225

+0,1%  
17715,63

## ÁLVERÐ (\$/tonn)



## BRENT OLÍUVERÐ (\$/tunnu)



Hreyfingar frá upphafi viku til kl. 16 í gær.

Unnið í samstarfi við IFS.

## Mikið innflæði af gjaldeyri í desember

## GJALDEYRISMARKAÐUR

Velta á gjaldeyrismarkaði í desember síðastliðnum var 68 milljarðar króna í samanburði við 22 milljarða króna veltu í nóvember. Munar þar mest um 20,1 milljarða króna viðskipti föstudaginn 18. desember þegar Seðlabanki Íslands keypti 140 milljón evrur sem samsvara 19,8 milljörðum króna. Alls keypti Seðlabankinn 314 milljónir evra sem samsvarar 44,1 milljarði króna í mánuðinum. Þetta kemur fram í nýrri Hagsjá Landsbankans.

Þar segir jafnframt að frá byrjun árs 2011 hafi hrein gjaldeyriskaup

Seðlabankans verið 2,8 milljarðar evra sem samsvara 398 milljörðum króna, þar af voru 1,9 milljarðar evra eða 264 milljarðar króna á árinu 2015.

Viðskiptabankarnir þrír gáfu allir út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum í kringum mánaðamót nóvember og desember. Arion banki gaf út skuldabréf í norsku krónum, Íslandsbanki í evrum og Landsbankinn í norsku og sænsku krónum.



Reuters

68 milljarða króna velta var á gjaldeyrismarkaði í desembermánuði.

Evrar hækkaði um 0,6% í desember, bandaríkjadalur lækkaði um 2,4% og sterlingspundið um 3,7%. Krónan styrktist því þegar gengisvísitalan lækkaði um 1,2%.

Þá segir Landsbankinn að mikið innflæði gjaldeyris hafi verið á markaðinn þrátt fyrir halla á vöruskiptum og skýrist það meðal annars af 30% fjölgun erlendra ferðamanna, bættum viðskiptakjörum og aukinni nýfjárfestingu erlendra aðila hér á landi.

## 2,7 milljarða tekjuhalli

## RÍKISFJÁRMÁL

Í greiðsluuppgjöri ríkissjóðs fyrir tímabilið janúar til nóvember á síðasta ári kemur fram að tekjujöfnuðurinn hafi verið neikvæður um 2,7 milljarða króna. Innheimtar tekjur jukust um 9,4 milljarða króna milli ára og greidd gjöld jukust um 45,8 milljarða króna. Þessi viðsnúningur milli ára skýrist að stórum hluta af því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána, sem gjaldfærð var í lok ársins 2014, kom til greiðslu í byrjun síðasta árs.



Morgunblaðið/Brynjari Gauti

Á 10 ára tímabili hefur ríkið unnið skattamál í 80% tilvika gagnvart einstaklingum og 56% tilvika gagnvart lögaðilum.

# Ríkið vinnur skattamál í flestum tilvikum

Margrét Kr. Sigurðardóttir  
margret@mbl.is

Ríkið vinnur í 80% tilvika skattamál í Hæstarétti gagnvart einstaklingum en hlutfallið lækkar þegar um lögaðila er að ræða.

„Í yfir 80% tilvika vinnur ríkið mál sem fara fyrir Hæstarétt er varða skattamál einstaklinga og í 56% tilvika þegar um lögaðila er að ræða,“ segir



Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte. Í nýjum gagnagrunni sem Deloitte hefur tekið saman eru skráðir dómur sem hafa fallið á 10 ára tímabili frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2015 í öllum skattamálum sem hafa farið fyrir Hæstarétt Íslands.

### Mönnum finnst að sér vegið

Pétur Steinn segir að upphaflegi hvatinn að gerð gagnagrunnsins hafi verið að athuga hvort eitthvað hafi breyst í afstöðu yfirvalda og dómstóla við hrúnið. „Við erum að fást við skattamál alla daga og verðum óneitanlega vör við að mönnum finnst að sér vegið. Auðvitað er dómsskerfið aðeins hægara en stjórnsýslan en engu að síður eru þetta yfir 100 dómur sem við erum búin að skoða á þessu tímabili. Þar af er um helmingur þeirra sakamál.“ Hann segir það áhugavert að sjá í þessum dómum

hver staða stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sé og ábyrgð þeirra. „Það jaðrar við hlutlæga ábyrgð.“

### Minni líkur hjá einkaaðilum

Í öllum einkamálum eru það einkaaðilar sem fara í mál við ríkið. „Einkaaðilar eru alltaf stefnendur í málunum og eru að fá hnekk fyrir dómstólum úrskurðum ýmist yfirskattaneindar eða ríkisskattstjóra. Þegar síðan niðurstaða kemur frá Hæstarétti þá vinnur ríkið í yfir 80% tilvika, þegar um einstaklinga er að ræða.“

Hann segir vera verri líkur á að vinna mál sem einstaklingur því dómarnir sýni að þegar um lögaðila er að ræða lækki hlutfallið. „Þá er rétt liðlega helmingur eða í 56% tilvika þar sem ríkið fær staðfestingu á úrskurði yfirskattaneindar eða ríkisskattstjóra.“

### Einhverjum málum snúið við

Pétur Steinn segir að í sakamálum sem varða skattamál sé í 98% tilvika um sakfellingu að ræða í héraðsdómi en það hlutfall lækki í 85% þegar málin fá úrskurð Hæstaréttar. „Það er því einhverju sem er snúið þar við.“ Í 53% tilvika er héraðsdómur staðfestur hjá lögaðilum. „Það er athyglisvert, þó það komi ekki sérstaklega á óvart. Þá fer maður að velja fyrir sér að það er allavega 47% möguleiki á að það sé eitthvað annað sem geti komið inn til að snúa annaðhvort dómnum við eða fá málinu vísað frá.“

### Borgar sig að taka til varna?

Ávinninginn af því að hafa gagnagrunn sem þennan segir

Pétur Steinn helst vera þann að hægt er að nýta hann til að meta stöðuna, hvort það borgi sig að taka til varna í skattamálum.

„Þegar ekki er um að ræða sakamál, þá getur þetta verið ágreininger sem getur tekið mörg ár fyrir dómi. Það þarf þá að meta það meðal annars út frá fjármunum hvort það borgi sig að fara með málið fyrir dóm eða ekki. Það er nú einu sinni þannig að þau mál sem eru fyrir skattayfirvöldum taka oft mjög langan tíma. Það getur líka verið íþyngjandi fyrir aðila að horfa fram á að það kosti nokkrar milljónir króna að reka mál upp í Hæstarétt, en svo eru kannski 85% líkur á að tapa málinu. Þá er spurningin hvort það sé þess virði því þú situr uppi með viðbótarkostnað. Ekki einungis þarf að greiða skattinn sem lagður er á, heldur líka viðbótarkostnað sem er málkostnaður.“

Pétur Steinn segir að einnig verði skoðað hvort einhver samsvörum sé á milli dómara. „Í bandarískum rétti eru yfirleitt reiknaðar út líkurnar á því að vinna málið þegar ljóst er hvaða dómari á að fjalla um málið, því það liggur fyrir hvernig þessi tiltekni dómari hefur dæmt í sambærilegum málum áður. Þó það sé ekki hægt að heimfæra þetta beint á Ísland, þá skyldi maður ætla að það væri ákveðin fylgni milli þess hvernig menn hafa dæmt og hvernig þeir muni dæma í framtíðinni, ef ekkert annað breytist.“

Erindi Péturs Steins um gagnagrunninn verður meðal efnis á árlægum Skattadegi Deloitte sem haldinn er í dag á Grand hótél Reykjavík.

**ÞJÓNUSTA**

Við leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu og fyrsta flokks vistvæna vöru á hagstæðu verði.

**Guðjón Ó**  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

**Vörur fyrir sjávarútveginn**

Skipastál • Lunningajárn • Bakjárn  
Kælirör • Fiber- og galvanhúðaðar ristar  
Svört- og ryðfrí rör og fittings  
Ál • Ryðfrítt stál • PVC plötur  
POM öxlar • PE plötur  
Lokar af ýmsum gerðum

Opíð virka daga kl. 8-17

Skútvogi 4, Rvk  
Rauðhelli 2, Hafnarfirði  
Sími 568 6844 | ga@ga.is | ga.is

**GA**  
SMÍÐAJÁRN  
Sæki í stálina síðan 1970